

Mál nr. 152/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Maður slasast þegar hann steig út úr bíl sem var á ferð þ. 21.7.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.4.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 29.4.2011

Málsatvik.

M var farþegi í bifreiðinni A og segist hafa beðið ökumann um að stoppa en ökumaður hafi neitað því og hafi M þá opnað vinstri afturhurð og sett vinstri fót út úr bílnum þrátt fyrir að hann væri á ferð og kippst aftur með A og slasast. Ökumaður A segir að M hafi verið eitthvað að grínast með að hann mundi fara út úr bifreiðinni og hafi opnað hurðina og hún hafi kallað á hann að loka en síðan heyrt M öskra þegar hann meiddist. Vitni segist halda að atvikið hafi gerst í einhverjum fíflangangi. M krefst bóta úr lögboðinni ökutækjatrýggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem segir að hægt sé að lækka eða fella niður líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af tjóninu af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn með því að opna hurð á bíl sem var á ferð og setja fótinn út úr henna.

Álit.

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann opnaði hurð á A og setti fótinn út úr bifreiðinni sem var á ferð. M varð með þessu háttlagi sínu meðvaldur að tjóni sínu og ljóst að tjónsatburðurinn verður rakinn til þessa háttalags M. V hefur því fulla heimild til að fella niður bætur til M með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.